



Innra mat

**Sjálfsmatsskýrsla
Skólaárið 2019-2020**

9. nóvember 2020
Grétar Karlsson, verkefnisstjóri innra mats

Efnisyfirlit

Um skólann.....	3
Búseta nemenda.....	4
Þátttaka í þróunarverkefnum	4
Girls and boys programming for Europe	4
Using ICT's to preserve European crafts.....	4
Improving SOCIAL SKILLS and CREATIVITY of SEN students in VET	4
Networkline Europe 4.0 - Everyone Everywhere At Anytime	5
Preventing Radicalism among European Pals	5
Samstarf við grunnskóla	5
Nýjungar í skólastarfinu.....	5
Matsþættir í FNV	6
Matsáætlun 2018-2022	6
Niðurstöður matsþátta.....	8
Áfangakönnun	8
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	8
Skólapúlsinn.....	9
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	9
Nemendur og nám (Ekki til skoðunar 2019-2020)	10
Stoðþjónusta- og önnur þjónusta (Ekki til skoðunar 2019-2020)	10
Stjórnun (Ekki til skoðunar 2019-2020).....	10
Starfsfólk og starfsumhverfi (Ekki til skoðunar 2019-2020)	11
Sameyki – Stofnun ársins 2020.....	11
Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar.....	11
Umbótaáætlun	12
Lokaorð.....	12

Um skólann

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra var stofnaður árið 1979 og settur í fyrsta sinn 22. september sama ár, þá undir heitinu Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Fram að þeim tíma hafði verið starfræktur Iðnskóli á Sauðárkróki frá 1946 og framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Sauðárkróki frá 1977. Stofnendur skólans voru sveitarfélög á Norðurlandi vestra ásamt ríkissjóði.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er á staðsettur á Sauðárkróki og með starfsstöðvar á Blönduósi, Hvammstanga og á Hólmavík. Nemendur skólans voru 500 á haustönn 2019 og 536 á vorönn 2020. Námsframboð skólans er fjölbreytt og eru ólíkar námsbrautir í boði við skólann. Frá hausti 2015 var boðið upp á nám samkvæmt nýrri námskrá og því er að einhverju leyti meiri breidd í brautaskiptingu. Boðið er upp á hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdentsprófs, styttri starfsnámsbrautir, iðn- og verknám ásamt starfsbraut. Nemendafjöldi dreifist svo:

Skipting nemenda eftir brautum haust 2019

Braut	kk	kvk	Alls	%
Aðrar stúdentsbr	2	1	3	0,6%
Almenn / annað	16	13	29	5,8%
Félagsvísindabraut	10	13	23	4,6%
Fjarnám	31	65	96	19,2%
Fjölgreinabraut	21	54	75	15,0%
Hestabraut	4	16	20	4,0%
Húsasmíði	55	6	61	12,2%
Náttúruvísindabraut	4	15	19	3,8%
Nýsköpun/kvikmyndir	4	4	8	1,6%
Rafvirkjun	27	3	30	6,0%
Sjúkraliðanám	8	84	92	18,4%
Starfsbraut	9	2	11	2,2%
Vélvirkjun/vélstjórn	30	3	33	6,6%
Alls	221	279	500	100%

Tæplega fjórðungur nemenda við skólann stundar fjarnám, talsvert fleiri konur en karlar (65 konur á móti 31 körlum). Að öðru leyti eru kynjahlutföll nokkuð jöfn, um 56% konur og 44% karlar.

Á haustönn 2019 starfaði 61 starfsmaður við skólann í 49,5 stöðugildum. Við kennslu störfuðu 44 kennarar í 35,5 stöðugildum. Aðrir starfsmenn voru 17 í 14 stöðugildum.

Á vorönn 2020 störfuðu 68 starfsmenn við skólann í 50,8 stöðugildum. Þar af voru 49 kennarar í 36,3 stöðugildum. Aðrir starfsmenn voru 19 í 14,5 stöðugildum.

Kennarar og stjórnendur við skólann hafa ýmist háskólamenntun eða iðnmeistararéttindi auk kennsluréttinda.

Skólameistari skólaárið 2019-2020 var Ingileif Oddsdóttir og aðstoðarskólameistari Þorkell V. Þorsteinsson.

Búseta nemenda

Skólinn er framhaldsskóli með áfangakerfi sem þjónar nemendum fyrst og fremst af Norðurlandi vestra, yfir helmingur nemenda eru búsettir á Norðurlandi vestra og þar af eru flestir búsettir á Sauðárkróki. Reknar eru dreifnámsstöðvar á Blönduósi, á Hvammstanga og á Hólmavík. Búseta nemenda dreifist annars svo:

Skipting nemenda eftir búsetu 2000-2019

Svæði: (Gömlu kjördæmin)	2000 haust	2001 haust	2002 haust	2003 haust	2004 haust	2005 haust	2006 haust	2007 haust	2008 haust	2009 haust	2010 haust	2011 haust	2012 haust	2013 haust	2014 haust	2015 haust	2016 haust	2017 haust	2018 haust	2019 haust
Reykjavík	5	6	7	8	7	9	11	11	11	6	20	10	18	5	11	22	23	21	29	38
Reykjanes	5	4	5	7	8	6	6	10	10	11	10	13	21	6	13	24	35	33	24	25
Vesturland	5	5	5	3	2	5	3	5	4	8	6	9	9	10	11	17	20	21	17	21
Vestfirðir	3	5	3	2	5	6	5	5	5	5	4	1	14	11	35	19	32	30	28	35
Norðurland v.	417	425	382	377	391	380	432	388	429	403	346	345	424	416	403	395	354	310	274	270
V-Húnavatnss.	25	39	35	36	34	30	46	27	39	33	23	27	48	45	39	39	36	33	31	26
A-Húnavatnss.	62	73	49	45	50	55	55	53	52	49	43	37	57	78	109	80	65	47	42	66
Skagafj. án Skr.	84	92	87	88	77	68	92	85	97	97	76	73	90	69	62	62	57	62	60	48
Sauðárkrókur	204	186	175	180	210	217	230	202	219	204	190	198	225	221	192	212	186	167	137	125
Siglufjörður	42	35	36	28	20	10	11	21	22	20	14	10	4	3	1	2	10	1	4	5
Norðurland e.	4	4	7	4	0	5	5	7	4	7	13	19	11	14	15	25	36	37	41	56
Austurland	1	3	3	1	1	3	5	2	2	2	4	2	4	18	17	20	26	29	17	29
Suðurland	1	1	1	1	2	2	3	5	5	3	7	6	7	8	5	12	9	8	16	23
Útlönd/óþekkt	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	7	7	7	4	3
Alls:	441	453	413	403	416	416	472	433	470	445	410	405	508	488	510	541	542	496	450	500

	2000 vor	2001 vor	2002 vor	2003 vor	2004 vor	2005 vor	2006 vor	2007 vor	2008 vor	2009 vor	2010 vor	2011 vor	2012 vor	2013 vor	2014 vor	2015 vor	2016 vor	2017 vor	2018 vor	2019 vor
Alls:	466	411	431	413	380	411	444	469	555	542	410	381	532	514	496	589	483	551	578	488

Þátttaka í þróunarverkefnum

Erlend samskipti jukust til muna á skólaárinu. Eva Óskarsdóttir var ráðin á vorönn í hlutastarf sem alþjóðafulltrúi FNV. Skólinn tók þátt í fjórum Erasmusplus verkefnum og einu NordPlus verkefni á skólaárinu 2019-2020.

Girls and boys programming for Europe

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er þátttakandi í þessu Erasmus+ verkefni ásamt fjórum öðrum skólum í Tékklandi, Ítalíu, Spáni og Portúgal. Verkefnið snýst um forritun, með áherslu á að auka áhuga stúlkna á forritun. Sunna Gylfadóttir og Grétar Karlsson fóru ásamt fjórum nemendum til Tékklands á haustönn 2019 en heimsókn sem átti að vera til okkar á vorönn 2020 var frestað um óákveðinn tíma.

Using ICT's to preserve European crafts

Þetta er samstarfsverkefni á vegum Erasmus+ með fimm öðrum löndum, Englandi, Eistlandi, Litáen, Tékklandi og Spáni. Verkefnið gengur út á að vekja athygli nemenda á handverki og verndun þess. Kristján Bjarni Halldórsson og Árni Gunnarsson fóru á undirbúningsfund á Spáni á haustönn 2019 og tveir kennarar fóru með sjö nemendum til Englands á vorönn 2020 en annarri ferð sem átti að fara til Eistlands var frestað um óákveðinn tíma.

Improving SOCIAL SKILLS and CREATIVITY of SEN students in VET

Skólinn tekur þátt í þessu samvinnuverkefni þriggja landa, Íslands, Eistlands og Finnlands á vegum Nordplus Junior. Fjórir nemendur og tveir kennarar (starfsmenn) eru frá hverju landi og þátttakendur fá tækifæri til að heimsækja hvert annað. Markmið verkefnisins að nemendur kynnist nýrri tækni í

skólastarfi og ekki síður að efla félagsfærni þeirra með því að vinna saman. Við erum búin að fara út tvisvar en heimsókn nemenda frá samstarfslöndunum sem átti að vera á vorönn 2020 var frestað.

Networkline Europe 4.0 - Everyone Everywhere At Anytime

Þetta er nemendaverkefni á vegum Erasmus+ og eru 6 lönd sem taka þátt; Ísland, Noregur, Tékkland, Þýskaland, Ungverjaland og Belgía. Verkefnið snýst um að búa til 4.0 framleiðslulínu þar sem farið er með þá hugsun að viðskiptavinur geti pantað sérhæfða þjónustu og hún fari í gegnum framleiðsuferli líkt og um fjöldaframleiðslu sé að ræða (svipaður tími og kostnaður). Um tveggja ára verkefni er að ræða sem hófst á haustönn 2019 en öllum heimsóknum hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Preventing Radicalism among European Pals

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra er þátttakandi í þessu Erasmus+ verkefni ásamt skólum í Danmörku, Slóvakíu og Finnlandi. Við tókum við gestum frá samstarfslöndunum á haustönn 2019 en ferð til Slóvakíu sem fara átti á vorönn 2020 var frestað.

Samstarf við grunnskóla

Talsvert samstarf er við grunnskóla á Norðurlandi vestra. Boðið var upp á kynningar í skólum og nemendum grunnskóla boðið í heimsókn í FNV og nemendur nemendur Árskóla á Sauðárkróki og Varmahlíðarskóla hafa sótt valgreinar í iðngreinum á virkum dögum. Auk þessa býðst þeim grunnskólanemum sem lokið hafa viðmiðum grunnskólans að sækja einingabært nám við FNV í fjarnámi.

Loks á skólinn á sæti í forvarnateymi Skagafjarðar ásamt grunnskólum í Skagafirði og hefur tekið þátt í mótun menntastefnu fyrir Skagafjörð á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi.


Nýjungar í skólastarfinu

Mikil aðsókn hefur verið í helgarnám í iðnnámi og á haustönn 2019 var í fyrsta sinn boðið upp á helgarnám í rafvirkjun.

Skólafundur var haldinn á vorönn 2020 þar sem nemendur tóku þátt í umræðu um málefni skólans. Góð þátttaka var á fundinum og þar kom margt áhugavert fram.

Matsþættir í FNV

Val á matsþáttum ræðst af eðli starfsins. Til hliðsjónar voru höfð m.a. lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og skólasamningur FNV við ráðuneyti mennta- og menningarmála. Matsþættir í innra mati FNV eru **A)** kennsla og önnur störf kennara, **B)** stjórnun **C)** stoðþjónusta önnur þjónusta, **D)** nemendur og nám og **E)** starfsfólk og starfsumhverfi. Tilviljun ræður röð á matsþáttum.



Matsáætlun 2018-2022

Sjálfsmatsáætlun 2018-2022

Mánuður	Haust 2018	Mánuður	Vor 2019	Mánuður	Haust 2019	Mánuður	Vor 2020
	Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:
Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat	Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta	Mai	Íbúar á heimavist	Desember	Nemendur og nám	Mai	Íbúar á heimavist
	Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:
Október	Starfsfólk og starfsumhverfi	Febrúar	SFR starfsmannakönnun	Október	Kennsla og önnur störf kennara	Febrúar	SFR starfsmannakönnun
	Fóreltrar:				Fóreltrar:		
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta			Desember	Nemendur og nám		
Mánuður	Haust 2020	Mánuður	Vor 2021	Mánuður	Haust 2021	Mánuður	Vor 2022
	Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:		Nemendur:
Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat	Október	Miðannarmat	Mars	Miðannarmat
Nóvember	Áfangakönnun: Félagsvísindi	Apríl	Áfangakönnun: Raungreinar	Nóvember	Áfangakönnun: Tungumál	Apríl	Áfangakönnun: Verknám
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta	Mai	Íbúar á heimavist	Desember	Nemendur og nám	Mai	Íbúar á heimavist
	Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:		Kennarar og starfsfólk:
Október	Starfsfólk og starfsumhverfi	Febrúar	SFR starfsmannakönnun	Október	Kennsla og önnur störf kennara	Febrúar	SFR starfsmannakönnun
	Fóreltrar:				Fóreltrar:		
Desember	Stoðþjónusta og önnur þjónusta			Desember	Nemendur og nám		

Framkvæmd

Innra mat við FNV er að mestu unnið af teymi um innra mat. Teymi um innra mat skólaárið 2019-2020 skipuðu Grétar Karlsson, verkefnisstjóri sjálfsmats, Guðrún Helga Tryggvadóttir, Jenny Larsson og Rebekka Rögnvaldsdóttir fyrir hönd nemenda.

Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn s.s. niðurstöður *Ungt fólk og framhaldsskólinn*, tölur frá Hagstofu Íslands, tölur úr upplýsingakerfi Innu og kannanir SFR. Þegar utanaðkomandi aðilar leggja fyrir kannanir eins og t.d. Skólapúlsinn og SFR forðast skólinn að vera með sínar eigin kannanir á svipuðum tíma þar sem reynslan sýnir að þá lækkar svarhlutfall.

Á skólaárinu 2019-2020 voru lagðar fyrir eftirfarandi kannanir:

Áfangakönnun á haustönn 2019. Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 18. nóvember til 2. desember. Þátttakendur í áfangakönnun voru 211 (73% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í kennslustundum þar sem fulltrúar teymis um innra mat sáu um framkvæmdina. Niðurstöður áfangakönnunar eru ekki kyngreindar að öðru leyti en að hægt er að skilgreina kyn í einum valmöguleika en þátttakendur voru 43% karlar og 57% konur. Flestir búa í foreldrahúsum (74%), 7% nemenda býr í eigin húsnæði og 18% á heimavist. Meirihluti nemenda er í dagskóla eða 84%, í dreifnámi eru 14% og 1% í fjarnámi. 43% aðspurðra eru nýnemar. Samkvæmt matsáætlun voru tungumálaáfangar til skoðunar og áfangar kenndir af nýjum kennurum. Þeir áfangar sem voru til skoðunar voru: DANS2LS05, ENSK1UN05, ENSK2TM05, ENSK3BK05, ÍSLE1HF05, ÍSLE2BM05, ÍSLE2MB05, ÍSLE3BS05, SPÆN1AG05 og PÝSK1AU05.

Skólapúlsinn á haustönn 2019. Könnunin hófst 1. nóvember 2019 og lauk 2. desember 2019. Þátttakendur í könnuninni voru 118 og var svarhlutfall 79,7%. Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar.

Sameyki – Stofnun ársins 2020: Starfsmannakönnun Sameykis var lögð fyrir á vorönn 2020 af Gallup. Þátttakendur í könnun voru 36 og svarhlutfall 57% (Fjöldi útsendra lista voru 63). Framkvæmdartími könnunar var febrúar – apríl 2020. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra varð í þriðja sæti í flokki stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri og má nota nafnbótina Fyrirmyndarstofnun 2020.

Niðurstöður matsþátta

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsþátta fyrir viðkomandi skólaár.

Áfangakönnun

	V17	H17	V18	H18	V19	H19
Áfanginn er vel skipulagður (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,97	3,61	4,10	3,93	4,43	3,51
Ég er ánægð/ur með aðferð við námsmat (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst)	3,59	3,58	4,04	3,75	4,42	3,43
Ég hef lagt mig fram í þessum áfanga (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,71	3,75	4,05	3,90	4,03	3,67
Ég hef metnað fyrir því að standa mig vel í áfanganum (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er hæst og 5 er lægst).	3,88	3,37	3,59	3,79	3,73	3,57
Ég læri heima ef ég næ ekki að klára verkefni í kennslustund (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,98	3,45	3,40	3,63	3,63	3,41
Ég missi einbeitingu í kennslustund og fer að gera eitthvað annað en ég á að vera að gera (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,03	3,15	3,30	3,19	3,47	3,26
Ég undirbý mig fyrir kennslustundir (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,38	2,56	3,13	2,80	2,93	2,62
Kennsluaðferðir kennarans höfða til mín (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	3,21	2,93	3,83	3,30	4,03	2,97
Kennslugögn (bækur, rafbækur o.fl.) eru góð ((Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,64	3,34	3,74	3,64	4,10	3,46
Moodle síða áfangans er gagnleg (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,84	3,73	3,43	4,01	4,43	3,72
Námsefnið hefur aukið áhuga minn á efninu (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	2,73	2,60	3,42	3,17	3,69	2,48
Samskipti mín við aðra nemendur eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	2,79	3,95	4,21	4,04	4,15	4,02
Samskipti mín við kennarann eru góð (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er aldrei og 5 er alltaf).	4,05	3,73	4,08	3,91	4,38	3,66
Skilningur minn á efni áfangans hefur aukist (Gefðu einkunn á bilinu 1 til 5, þar sem 1 er lægst og 5 er hæst).	3,29	3,11	3,84	3,63	3,94	3,16

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Inna gefur ekki tækifæri til kyngreindra niðurstaðna og því eru niðurstöður settar fram sem einn hópur. Sama verklag hefur verið notað frá vorönn 2017 og því mögulegt að bera saman annir.

Styrkleika er að finna í að nemendur telja samskipti sín bæði við aðra nemendur og við kennara vera góð, nemendum finnast kennsluvefir áfanganna vera gagnlegir og leggja sig fram og hafa metnað fyrir að standa sig vel.

Helstu veikleikana má finna í að nemendum finnst námsefnið ekki áhugavert, þeir undirbúa sig ekki fyrir kennslustundir og þeim finnast kennsluaðferðir ekki höfða vel til sín.

Samanburður við niðurstöður frá haustönn 2017 þegar áfangakönnun var síðast lögð fyrir í tungumálaáföngum er heilt yfir jákvæður.

Skólapúlsinn

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 (staðalnúmer) eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er munur á staðalnúmervarða uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstaða hvers matsþáttar er borin saman við heildarútkomu allra þátttökuskóla (dálkurinn „Viðmið“), breyting skólans frá síðasta ári er gefin upp í dálkinum „Breyting“. Bæði breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, rauðum ef samanburðurinn er neikvæður en grænum ef hann er jákvæður.

Matsþættir	Niðurstaða	Breyting	Viðmið	Mismunur
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	56,20%	-7,10%	71,00%	-14,80%
Samsömun við nemendahópinn	4,6	0,1	5,1	-0,5
Stuðningur kennara við nemendur	5,1	-0,5	5,4	-0,3
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	-0,1	5,4	-0,2
Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	5,2	-0,3	5,5	-0,3
Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	4,6	-0,3	5	-0,4
Námsáhugi	4,4	-0,9	5	-0,6
Vinnulag í námi	4	-0,5	5	-1
Fjarvera: Seinkomur í tíma	74,70%	12,20%	61,10%	13,60%
Fjarvera: Skröp í tíma	64,80%	9,80%	48,00%	16,80%
Fjarvera án leyfis heilan dag	30,80%	4,50%	20,20%	10,60%
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: HEILD	42,8 klst.	-1,6 klst.	45,0 klst.	-2,2 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	22,4 klst.	-2,8 klst.	25,0 klst.	-2,6 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	5,8 klst.	2,3 klst.	5,9 klst.	-0,1 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	8,0 klst.	-2,3 klst.	7,3 klst.	0,7 klst.
Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tómstundir og æfingar	6,6 klst.	1,3 klst.	6,8 klst.	-0,2 klst.
Vellíðan	4,3	-0,1	4,7	-0,4
Hamingja	68,10%	2,20%	75,60%	-7,50%
Sjálfsálit	4,3	-0,2	4,7	-0,4
Stjórn á eigin lífi	4,1	0	4,5	-0,4
Þunglyndi	14,10%	-0,50%	11,60%	2,50%
Kvíði	18,90%	1,80%	23,80%	-4,90%
Svefnleysi	31,10%	-13,50%	38,70%	-7,60%
Einelti	8,80%	-1,00%	10,80%	-2,00%
Áreitni og ofbeldi	25,60%	5,10%	21,20%	4,40%

Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar

Helstu styrkleikar eru að nemendur FNV sofa vel, finna ekki fyrir miklum kvíða, þeir upplifa ekki mikið einelti og hafa minni formlegar skyldur en nemendur í öðrum skólum.

Helstu veikleikar eru fjarvera, viðhorf og hollusta gagnvart skólanum og nemendur FNV upplifa meiri áreitni og ofbeldi en nemendur í öðrum skólum.

Nemendur og nám (Ekki til skoðunar 2019-2020)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig líður nemendum í skólanum?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hvernig er námsárangur nemenda?	Að samræmi sé milli ástundunar og námsárangurs.
Hversu vel sinna nemendur heimavinnu?	Meðalheimavinna í 3 eininga bóknámsáfanga sé meiri en 2 klst.
Hversu vel standa nemendur sig í kennslustundum?	A.m.k. 75% nemenda og 75% kennara telji að nemendur standi sig vel.
Hversu góð er skólasókn?	Að 95% nemenda standist kröfur skólans um skólasókn
Hversu góð þátttaka er í félagslífi í skólanum?	Að 75% nemenda taki virkan þátt
Hversu öruggir eru nemendur í skólanum?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt.

Stoðþjónusta- og önnur þjónusta (Ekki til skoðunar 2019-2020)

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð er stoðþjónusta skólans? (Námsráðgjöf, umsjón, bókasafn, skrifstofa, heimasíða)	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel er staðið að þjónustu við fjarnemendur?	A.m.k. 75% fjarnemenda ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu góð er umgengni, hirsla og ræting skólans?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir. Húsvörður
Hversu ánægðir eru vistarbúar með heimavist og mötuneyti?	A.m.k. 85% ánægðir eða mjög ánægðir.


Stjórnun (Ekki til skoðunar 2019-2020)

Matsspurning	Viðmið
Hversu góð eru samskipti stjórnenda við annað starfsfólk?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur yfirstjórn kennslu?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu gott er skipulag skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel sinna stjórnendur vexti og þróun skólans?	A.m.k. 75% ánægðir eða mjög ánægðir.
Hversu vel tekst að fá nemendur til skólans og halda í þá?	Hér vantar viðmið

Starfsfólk og starfsumhverfi (Ekki til skoðunar 2019-2020)

Matsspurning	Viðmið
Hvernig er líðan starfsfólks?	A.m.k. 90% líði vel eða mjög vel.
Hversu góður er aðbúnaður starfsfólks?	A.m.k. 75% telji aðbúnað góðan eða mjög góðan.
Hversu öruggt er starfsfólk á vinnustað?	A.m.k. 95% telji að öryggi sitt sé tryggt í starfi.

Sameyki – Stofnun ársins 2020

Helstu niðurstöður - Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs

Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs.

**Niðurstöður í hnotskurn: Styrkleikar og veikleikar**

Í könnuninni var þáttgreining (factor analysis) notuð til að greina undirliggjandi þætti. Í þáttgreiningunni koma í megindráttum fram níu þættir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt, ímynd stofnunar og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttgreiningunni. Vægi þátta í heildareinkunn er eftirfarandi, stjórnun 15%, starfsandi 13%, launakjör 9%, vinnuskilyrði 12%, sveigjanleiki vinnu 8%, sjálfstæði í starfi 8%, ímynd stofnunar 10%, ánægja og stolt 11% og jafnrétti 13%. Kvarðinn sem notaður er á bilinu 1-5.

Skólinn stendur sig skv. könnunni mjög vel í flestum þáttum en launakjör eru talsvert lægri en aðrir flokkar þó þróunin þar sé í rétta átt (hækkun um 0,16) og starfsfólk telur að sjálfstæði í starfi hafi minnkað (lækkun um 0,11). Auk launakjara hefur ímynd stofnunarinnar (hækkun um 0,21) og vinnuskilyrði (hækkun um 0,17) batnað. Þátttaka í könnuninni fer minnkandi.

Umbótaáætlun

Niðurstöður sem þarf að bregðast við	Hvernig	Hvenær	Ábyrgð framkvæmdar
Bæta vinnulag í námi.	Halda námskeið um námstækni.	Skólaárið 2020-2021	Námsráðgjafi.
Fjarvera nemenda.	Taka saman þróun fjarvista.	Skólaárið 2020-2021	Áfangastjóri.
Viðhorf nemenda til skólans.	Vinna með nemendum að jákvæðu viðhorfi til skólans.	Skólaárið 2020-2021	Stjórnendur og nemendafélagið.
Bæta þátttöku í innra mati.	Aukið upplýsingaflæði um kannanir og endurskoða verkferla innra mats.	Skólaárið 2020-2021	Teymi um innra mat.
Öryggi nemenda (Áreitni og ofbeldi).	Endurbæta áætlun og verklagfyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreitni og ofbeldi.	Skólaárið 2020-2021	Námsráðgjafi og félagsráðgjafi.
Bæta úrvinnslu og eftirfylgni sjálfsmats.	Fjölga kynningum á niðurstöðum.	Skólaárið 2020-2021	Teymi um innra mat og stjórnendur.

Lokaorð

Innra mati fyrir skólaárið 2019-2020 er lokið.

Vegna heimsfaraldursins voru ekki lagðar fyrir kannanir á seinnihluta vorannar 2020 þar sem ólíklegt var að samanburður á niðurstöðum úr þeim við fyrri kannanir hefði verið marktækur. Þess í stað huguðu námsráðgjafi og félagsráðgjafi að líðan nemenda með beinum samskiptum. Þörf er á að endurskoða sjálfsmatsáætlunina með hliðsjón af þessu.

Vinna þarf sérstaklega með áhugahvöt nemenda og viðhorfi þeirra til skólans. Líðan nemenda er almennt svipuð og hjá nemendum í öðrum skólum en áhyggjuefni er að fjórðungur svarenda í Skólapúlsinum höfðu upplifað áreitni eða ofbeldi.

Niðurstaðan úr Stofnun ársins er ánægjuleg en huga þarf að leiðum til að bæta svarhlutfall.